



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð

69. Fjórðungssþings Vestfirðinga að hausti  
Laugarhóli Bjarnafirði 18.-19. október 2024

Föstudaginn 18. og laugardaginn 19. október 2024, er 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, þingið er sett kl. 11.01.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

### **Þingsetning**

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Jóhanna Ösp Einarasdóttir setur þingið og býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerir að tillögu að þingforseti verði Matthías Sævar Lýðsson, Strandabyggð. Tillagan er samþykkt með lófataki og tekur þingforseti Matthías Sævar Lýðsson við fundarstjórn, býður hann gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi verði varaþingforseti og að ritarar þingsins verði Sigurður Líndal og Magnús Þór Bjarnason, starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt með lófataki.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins, sjá þingskjal nr. 1. Þingforseti vekur svo athygli á að þinghald er opið og í streymi og verða þingfulltrúar og aðrir gestir að koma í ræðustól af þeim sökum. Þó má benda á að vinnustofu og nefndarstörf teljast lokuð og því ekki í streymi.

Áður en gengið er til dagskrár fer þingforseti yfir nokkur hagnýt atriði.

Fyrir þinginu liggja sem stendur 28 mál, þingforseti vekur athygli á að enn er tekið við málum og skuli þau skv. 5. gr. þingskapa, berast skriflega. Sama gildir um breytingatillögur. Þingforseti minnir á að þeir sem ekki hafa lagt fram ályktanir skuli senda þær þegar til ritara þannig að hægt verði að leggja þær fram sem fyrst.

Þingforseti kynnir að tillaga væri komin fram um að Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ verði formaður allsherjarnefndar og varaformaður verði Gunnþórunn Bender, Vesturbyggð og kannar hvort þingfulltrúar hefðu fleiri tillögur til formanns og varaformanns. Engar fleiri tillögur voru lagðar fram og tillagan samþykkt með lófataki. Þingforseti kynnir að tillaga sé komin fram um að Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi verði formaður stjórnskipulagsnefndar og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað verði varaformaður. Engar fleiri tillögur voru lagðar fram og tillagan samþykkt með lófataki.

Þingforseti fer yfir mætingu á þingið og atkvæðavægi. Mættir voru 38 þingfulltrúar með 100% atkvæðavægi að meðtöldum umboðum, eða 9.568 atkvæði og þar með falla engin atkvæði dauð.

### Ávarp formanns - Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Jóhanna býður þingheim velkominn og flytur sitt síðasta ávarp sem formaður stjórnar og nýtir tækifærið til að fara yfir farinn veg, og biður þinggesti að fagna komandi 75. ára afmæli Fjórðungssambands Vestfjarða með því að rísa úr sætum og fagna. Þingheimur rís á fætur og fagnar með lófataki. Formaður fer yfir þær áskoranir sem Fjórðungssambandið hefur þurft að takast á við hingað til og þær áskoranir sem framundan eru á komandi þingi, og bendir á hve mikil líkindi eru þar um. Hún lýkur máli sínu með að vitna í heimsbókmenntir barnanna og lýkur ávarpi sínu með þökkum fyrir farinn veg og þakkar aukinheldur stjórnendum og starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir samstarfið. Kveðjuávarpi formanns er fagnað með lófataki. Að öðru leyti er vísað til þingskjals 4.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/69thing/haust/thingskj al-4-raeda-formanns.pdf>

**Ávarp gesta** – Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir þá fellur dagskrárliðurinn niður sökum nokkuð óvæntra anna þingmanna kjördæmisins sem til kemur af óvanalegu ástandi í landstjórninni.

Þingforseti fer yfir að samkvæmt samþykktum er næst á dagskrá kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar en sá liður færir eftir hádegi þegar kynning verður á nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.

### Framlagning þingmála

Þingforseti fer aðeins yfir þingsköp og þær reglur sem gilda um þau. Tillögur þurfa að vera skriflegar, einnig breytingartillögur. Eftir hverja tillögu er orðið gefið laust og hver þingfulltrúi getur einungis kveðið sér hljóðs tvisvar í hverju máli. Síðan verður tillögunum vísað til nefndar. Þingforseti hvetur einnig þingfulltrúa til að vera gagnorða og sleppa öllum málalengingum. Þingforseti ítrekar að seinni umræða fari fram á laugardaginn að afloknum nefndarstörfum.

Þingforseti kynnti að fyrstu mál á dagskrá væru tillögur Fjárhagsnefndar. Þingforseti leggur til við þingið að orðið verði gefið laust um tillögur fjárhagsnefndar í einu lagi eftir að þær hafa verið kynntar

Til máls tekur Jóhann Birkir Helgason Ísafjarðarbæ og formaður fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins. Hann kynnir tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands, tillögurnar eru;

- Tillaga um laun stjórnar og nefnda sjá þingskjal 5a,
- Tillaga um árstíllag sveitarfélaga, sjá þingskjal 5b,
- Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sjá þingskjal 5c

Kynnti Jóhann síðan greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, sjá þingskjal 5d.

Þingforseti gefur orðið laust. Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað kveður sér hljóðs. Jón Páll þakkar fyrir yfirferðina og bendir á minniháttar misræmi í framlögðum gögnum. Ennfremur bendir hann á að tillaga um hringrásarfulltrúa sem geti leitt til allt að 16% hækkunar framlaga. Hann telur mikilvægt að verkefni sem komi inn á borð sveitarfélaga sýni aðhald og hækki ekki umfram það sem almennar hækkanir eru.

Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ tekur til máls og biður framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu að skýra hækkun árstíllags sveitarfélaga og hvernig hækkunin spilar saman við nýtt stöðugildi hringrásarfulltrúa.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir tekur til máls og fer yfir forsendur málsins.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Þingforseti leggur til að tillögunum sé vísað til fjárhagsnefndar og síðari umræðu og afgreiðslu á morgun.

Þingforseti tilkynnir að hann sjái að Stefán Vagn Stefánsson fyrsti þingmaður NV kjördæmis, er áður hafði afboðað komu sína, sé kominn í salinn. Þingforseti setur því ávarp gesta aftur á dagskrá með samþykki þingsins.

Stefán Vagn Stefánsson fer yfir hröð stjórnarslit nýyfirastaðin. Í því sambandi fer hann yfir þau verkefni sem þingið þarf að ljúka á næstu dögum, en þar bera fjárlög hæst. Þrátt fyrir óvanalegt ástand telur Stefán Vagn að vinna við að fjárlög klárast, allavega er varðar grunnþætti í rekstri ríkissjóðs. Hinsvegar er áhyggjuefni að Samgönguáætlun klárast ekki á þessu þingi. Sú staða er óboðleg öllum landshlutum. Möguleiki er að hægt sé að setja ákveðnar framkvæmdir inn í fjárlög. Mikilvægt er að þau flóknu mál sem bíða úrlausnar verði afgreidd með festu af komandi ríkisstjórn.

Nanný Arna Guðmundsdóttir tekur til máls og spyr um fjármögnun samgönguframkvæmda á árinu 2025. Stefán Vagn svarar fyrirspurninni og segir málið í vinnslu innan fjárlaganefndar.

Þingforseti þakkar Stefáni fyrir hans ávarp og er gengið að nýju til auglýstrar dagskrár.

Lilja Magnúsdóttir, Vesturbyggð, leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 6.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að setningu laga um lagareldi

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 7.

Þingforseti gefur orðið laust.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, kveður sér hljóðs og leggur til að við íhugum að vinna málið í áföngum.

Jón Páll Hreinsson kveður sér hljóðs og er sammála Örnú Láru. Jón Páll beinir því til

nefndarinnar að breyta Fiskeldissjóði þannig að 30/70% reglunni verði viðsnúið sveitarfélögum í vil gangvart ríkinu. Fleiri kveðja sér ekki hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um fjármagn til sóknaráætlana.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 8.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um rannsóknir og nýsköpun.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 9.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um rekstur náttúrustofa.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 10.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um Vestfjarðalínu.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 25.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbær, sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um áskorun til að beita sér fyrir aukinnar löggæslu á Vestfjörðum.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 26.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað, sem leggur fram tillögur innviðanefndar að ályktunum þingsins:

Tillaga um uppbyggingu Tetra-sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 11.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga að ályktun um uppbyggingu farnetskerfa á tengivegum.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 12.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Tillaga að ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 13.

Til máls tekur Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð, og leggur fram breytingatillögu.

Breytingatillaga við þingskjal 13, tillaga að ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum.



Flutningsmaður: Vesturbyggð, þingskjal 29.

Að við bætist „*ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bildudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk*“.

Þingforseti gefur orðið laust. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Til máls tekur aftur Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað, sem leggur fram tillögur innviðanefndar að ályktunum þingsins. Tillaga að ályktun um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 14.

Til máls tekur Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð, og leggur fram breytingatillögu.

Breytingatillaga við þingskjal 14, tillaga að ályktun um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024.

Flutningsmaður: Vesturbyggð, þingskjal 30.

Að við bætist: „*Tryggt verði fjármagn til vegaf framkvæmda í samræmi við framkvæmdaáætlun um Vestursvæði 2029-2033 um Bildudalsveg niður Trostansfjörðum og sú framkvæmd verði í beinu framhaldi næsta áfanga um Dynjandisheiði og jafnframt lokaáfangi verksins.*“

Þingforseti gefur orðið laust.

Jóhann Birkir kveður sér hljóðs og bendir á ónákvæmt orðalag um stöðu útboða. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Til máls tekur aftur Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir sem leggur fram tillögur innviðanefndar að ályktunum þingsins. Tillaga að ályktun um samgönguáætlun.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 15.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Tillaga að ályktun um hafnarmál.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 16.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga að ályktun um gerð viðbragðsáætlana vegna ofanflóða.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 17.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga að ályktun um endurmat snjóflóðahættu.

Flutningsmaður: Innviðanefnd, þingskjal 18.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi, sem leggur fram tillögu að ályktun um Álftafjarðargöng.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, þingskjal 19.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem leggur fram tillögu að ályktun um Álfafjarðargöng.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 20.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem leggur fram tillögu að ályktun um aukið námsmat.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 21.

Þingforseti gefur orðið laust. Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi, kveður sér hljóðs og vekur athygli á því að verið sé að vinna að námsramma og að í aðalnámskrá sé kveðið á um stöðugt námsmat. Matsrammi þessi er því á leiðinni. Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem leggur fram tillögu að ályktun um aukna kynningu á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 22.

Þingforseti gefur orðið laust. Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, kveður sér hljóðs og veltir fyrir sér hvort við séum nú þegar að gera þetta í gegnum InWest og með þátttöku á fjárfestahátíðum, til að mynda. Þorgeir svarar og segir vissulega margt nú þegar verið að gera en vill líta lengra til framtíðar og bæta í þessi verkefni. Fleiri taka ekki til máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Hlíf Hrólfsdóttir, Strandabyggð, sem leggur fram tillögu að ályktun um tillögur Strandanefndar

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 23.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Þingforseti biður þingheim leyfis til að flytja næstu tillögu að ályktun. Engin andmæli.

Til máls tekur Matthías Sævar Lýðsson, Strandabyggð, sem leggur fram tillögu að ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 24.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Páll Vilhjálmsson, Vesturbyggð sem flytur tillögu að ályktun um jarðgöng

Flutningsmaður: Vesturbyggð, þingskjal 27.

Þingforseti gefur orðið laust.

Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi, kveður sér hljóðs og segir aðstæður breyttar nú miðað við þær aðstæður sem uppi voru þegar drög að forgangsáætlun voru samþykkt. Til máls tekur Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem telur nauðsynlegt að taka ákvörðun því ríkið taki ekki ákvörðun um forgangsröðun fyrir Vestfirðinga.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, kveður sér hljóðs og minnst á breikkun Breiðadalsganga.

Arna Lára lýsir vantrausti á ferli samgönguáætlana í ljósi þess að Fljótagöng fengu flýtimeðferð.

Lilja Magnúsdóttir lýsir því að skipulag Suðurfjarðaganga sé tilbúið. Það sé lífspursmál að nýsameinað sveitarfélag hafi samgöngur milli þéttbýliskjarna.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, sem flytur tillögu stjórnar um ályktun þingsins um breytingu samþykka og þingskapa.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þingskjal 28.

Þingforseti gefur orðið laust. Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð, kveður sér hljóðs og telur að Fjórðungsþing ætti að halda á barnvænum tíma, og ekki um helgar. Tillögunni vísað til stjórnskipulagsnefndar.

Þingforseti þakkar fyrir og gerir þinghlé kl. 12.51 fyrir hádegishlé. Þingforseti setur þingið aftur kl. 13:24.

### **Umfjöllunarefni þingsins, kynning Sóknaráætlunar 2025-2029 og vinnustofa um framtíðarsýn Vestfjarða sem lið í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050**

Sigríður Ó Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, kynnir framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 og nýja Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029. Hún talar um framkvæmd síðustu Sóknaráætlunar og drög næstu Sóknaráætlunar sem finna má í Samráðsgátt. Sigríður fer yfir þann árangur sem náðst hefur og þau verkefni sem framundan eru, hún þakkar ráðgjöfum og þátttakendum fyrir sitt framlag.

Hvað erindi Sigríðar varðar vísast að öðru leyti til kynningarglæra.

Þingforseti kynnir frummælendur og vinnustofu.

#### **A. Upphitun / Innleiðing**

Frummælendur:

Hrafnkell Proppé, skipulagráðgjafi, Urbana ehf.

*Mótun svæðisskipulags Vestfjarða. Hvað erum við búin að vera gera – hvar erum við stödd*

Hvað varðar efni erindis Hrafnkells vísast til kynningarglæra.

Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf

*Lýðfræðileg þróun Vestfjarða*

Hvað varðar efni erindis Herdísar vísast til kynningarglæra

Þingforseti tilkynnir að nú verði hætt að streyma útsendingu af þinginu, en þingfulltrúar hefji nú störf í vinnustofum um framtíðarmyndir svæðisskipulagsins



Kaffihlé kl. 14.15 til 14.30

### **B Vinnustofa**

Frummælendur Lilja Magnúsdóttir, Vesturbyggð, og formaður svæðisskipulagsnefndar og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ísafjarðarbæ, varaformaður svæðisskipulagsnefndar

*Framtíðarmyndir – áskoranir samfélagsins / verkefni sveitarfélaga*

Í framhaldinu eru vinnustofur sem ráðgjafar stjórnar,

Kl. 16:17 gerir þingforseti hlé á störfum þingsins til morguns, kl. 9:00 nánar tiltekið, og tilkynnir einnig að Kaldrananeshreppur hafi boðið þingfulltrúum í heimsóknir í sveitarfélaginu.

### **Laugardagur**

Þingforseti kynnir dagskrá dagsins.

### **Nefndarstörf**

Þingforseti gefur Gylfa Ólafssyni orðið, hann fer yfir fyrirkomulag vinnu allsherjarnefndar. Miðað við að vinna hefjist kl. 9:30 með vinnuhópum allsherjarnefndar og miðað er við að þeim ljúki um kl 11.30.

Þingforseti kynnir að eftir vinnu allsherjarnefndar tekur stjórnskiplagsnefnd við í einni málsstofu og fjárhagsnefnd fundar einnig á sama tíma. Miðað er við að afgreiðsla mála úr nefndum hefjist um kl.12:30.

### **Afgreiðsla ályktana**

Þingforseti setur þingið að nýju kl 12.43 og tilkynnir að streymi sé aftur hafið og að þeir sem ætla að tjá sig komi í ræðustól og minntir á að kynna sig með nafni.

Þingforseti gefur orðið Gylfi Ólafsson formaður allsherjarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og flytur tillögur að ályktunum.

Þingskjal 31, áður 11. Ályktun um uppbyggingu Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 32, áður 12. Ályktun um uppbyggingu farnetskerfa á tengivegum. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 33, áður 18. Ályktun um endurskoðun hættumats ofanflóða. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 34, áður 26. Ályktun um aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 35, áður 10. Ályktun um rekstur náttúrustofa. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 38, áður 9. Ályktun um rannsóknir og nýsköpun. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 39, áður 8. Ályktun um fjármagn til sóknaráætlana. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 36, áður 22. Ályktun um aukna kynningu á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 39, áður 6. Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 40, áður 7. Ályktun um setningu laga um lagareldi. Aðalsteinn Óskarsson tekur til máls og ræðir reglugerðamhverfi Fiskeldissjóðs, því næst Jón Páll Hreinsson sem skýrir sína sýn á lagaumhverfi sjóðsins, Finnur Ólafsson tekur næst til máls um sama efni. Fleiri kveða sér ekki hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 41, áður 16. Ályktun um hafnarmál. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 42, áður 23. Ályktun um tillögur Strandanefndar. Finnur Ólafsson tekur til máls og lýsir afstöðu Kaldrananeshrepps sem styður ályktunina sem fyrir þinginu liggur, en ekki allar tillögur Strandanefndar. Fleiri kveða sér ekki hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 43, áður 24. Ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 45, áður 14. Ályktun um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 46, áður 30. Ályktun um Bíldudalsveg 63. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 47, áður 15. Ályktun um samgönguáætlun. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 44, áður 13 og 29. Ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

Þingskjal 48, áður 19, 20, 25, og 27. Ályktun um Vestfjarðalínu. Þorgeir Pálsson tekur til máls og tiltekur ástæður andstöðu sinnar við tillöguna. Fleiri tóku ekki til máls. Því næst gengið til atkvæða. Tillaga samþykkt af 82% virkra atkvæða gegn 13%. 5% sátu hjá. Starfmenn þingsins tilkynntu að það vantaði fulltrúa á þingið til að kjósa fyrir hönd Árneshrepps og féllu þau atkvæði dauð niður. (Atkvæði skiptust þannig Já sögðu 7529, Nei sögðu 1233, Hjá sátu 452,9, Dauð atkvæði 353).

Þingskjöl 49b, 49c og 49d, árstíllag sveitarfélaga, fjárhagsáætlun 2025 og greinargerð fjárhagsáætlunar 2025. Jóhann Birkir Helgason, formaður fjárhagsnefndar kynnir tillögur fjárhagsnefndar eftir umræðu í nefndinni. Jón Páll Hreinsson kveður sér næst til hljóðs og gerir hið fyrsta athugasemd við stjórn þingsins þar sem Jón Páll telur þingforseta hafa heimild til að skera úr um atkvæðagreiðslu. Í annan stað áréttar hann að fyrirliggjandi tillaga gangi lengra en önnur, og því sé höfnun á fyrirliggjandi tillögu ekki höfnun á árstíllaginu sem slíku.

Þingforseti þakkar Jóni Páli ábendinguna og biður Jóhann Birki um að vera til andsvara. Jóhann Birkir staðfestir skilning Jóns Páls.

Þingforseti gefur því næst orðið laust. Fleiri kveða sér ekki hljóðs, því næst gengið til atkvæði um þessi þrjú þingskjöl.

Af virkum atkvæðum sögðu 62% já, 34% nei, og hjá sátu 4%. (Atkvæði skiptust þannig, Já 5726,6 atkvæði, Nei 3138,82 atkvæði, Hjá sátu 349,6 atkvæði, 353 atkvæði féllu dauð)

Þingskjal 49a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda. Enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

## Kosningar

Arna Lára Jónsdóttir, formaður kjörnefndar tekur til máls og lýsir tillögu kjörnefndar um stjórn og varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, tillögu um formann stjórnar, tillögu um fjárhagsnefnd og tillögu um innviðanefnd, tillögur um úthlutunarnefndir Uppbyggingarsjóðs, fulltrúaráð Háskólaseturs og Fræðslumiðstöðvar, Starfsendurhæfingu og Vinnumarkaðsráð.

## Stjórn og varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbæ	Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ
Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð	Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð
Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað	Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi
Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi	Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Formaður – Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ

**Fjárhagsnefnd 2024-2026**

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurrepp	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi	Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshrepp
Jón Árnason, Vesturbyggð	Gerður Sveinsdóttir, Vesturbyggð
<b>Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbær, Formaður</b>	Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ	Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ

**Innviðanefnd 2024-2026**

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi	Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað	Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ	Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ	Jenný Lára Magnadóttir, Vesturbyggð
<b>Páll Vilhjálmsson, Vesturbyggð, Formaður</b>	Jón Árnason, Vesturbyggð

**Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2024-2026**

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Arnín Óladóttir, Kaldrananeshreppi	Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Páll Vilhjálmsson, Vesturbyggð
<b>Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ</b>	Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað
Elsa Arnardóttir	Greipur Gíslason
Hólmfríður Einarsdóttir	Arnar Sigurðsson

**Fagrað menningar 2024-2026**

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólahreppi	Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppi
Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ	Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Jóhann Örn Hreiðarsson, Vesturbyggð	Klara Berglind Húnfjörð, Vesturbyggð
Elsa Arnardóttir	Greipur Gíslason

### Fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Þorgeir Pálsson, Strandabyggð	Viktoría Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi
Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ	Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað
Jónas Snæbjörnsson, Vesturbyggð	Sigurður Viggósson, Vesturbyggð
Hólmfríður Einarsdóttir	Arnar Sigurðsson

### Fulltrúaráð Háskólaseturs Vestfjarða 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Maggý Hjördís Keransdóttir, Vesturbyggð	Finney Rakel Árnadóttir, Ísafjarðarbæ

### Fulltrúarráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Dagbjört Hjaltadóttir, Súðavíkurhreppi	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Strandabyggð

### Tilnefning í stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð	Aðalsteinn Óskarsson, Ísafjarðarbæ

### Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Vestfjarða 2024-2026

Aðalmenn	Varamenn
Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi	Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi

Tillögur því næst bornar upp til atkvæða. Tillaga úr sal frá formanni kjörnefndar að Endurskoðun Vestfjarða verði kjörin endurskoðandi Fjórðungssambands.

Formaður stjórnar kjörinn Gylfi Ólafsson með lófataki, tillaga kjörnefndar í heild samþykkt með lófataki.

Næst ber Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhrepps upp þingskjal 50, tillögur að breytingum á samþykktum og fundarsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillögur bornar upp til atkvæða. Enginn kveður sér hljóðs, samþykkt samhljóða.

## Önnur mál

Gerður Björk Sveinsdóttir kveður sér hljóðs. Hún óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og beinir því til stjórnar að huga að atkvæðavægi innan Fjórðungssambandsins þar sem nýsameinað sveitarfélag Vesturbyggðar tapar 300 grunntkvæðum sem Tálknafjarðarhreppur hafði áður og því sveitarfélögum refsað fyrir sameiningar. Hún áréttar enn fremur afstöðu Vesturbyggðar gegn þinghaldi um helgar.

Þingforseti þakkar Gerði fyrir. Næst kveður Lilja Magnúsdóttir sér hljóðs. Hún óskar nýrri stjórn til hamingju og þakkar samstarfið þar sem hún er nú að yfirgefa sveitarstjórnar- og fjórðungssambandsvettvanginn.

Þingforseti þakkar þingfulltrúum traustið og samstarfið. Hann þakkar starfsfólki Fjórðungssambandsins og gestgjöfum. Þingforseti óskar leyfi þingsins til að þingritarar og þingforseti gangi frá þinggerð, engin athugasemd var gerð við þá ráðstöfun.

Gylfi Ólafsson, nýkjörinn formaður Fjórðungsþings Vestfjarða, tekur næst til máls. Formaður þakkar þingheimi traustið. Formaður segist þurfa að minna sig á það og vill minna þinggesti á það áður en farið er heim að ályktanirnar sem afgreiddar eru í lok þings, eru oft löng bænaskjöl til stjórnvalda, sem eru nauðsynleg og skynsamleg að skrifa, en þau endurspeгла ekki alveg megindrættina í stöðu fjórðungsins. Sóknaráætlunin sýnir í hve mikilli sókn við erum, svæðiskipulagsvinnan sem er framundan og hversdagurinn sem við eigum á þessum kjálka, hann er það sem skiptir öllu máli og hann er miklu jákvæðari en þessar ályktanir gefa tilefni til að ætla. Að fegurðin og krafturinn, kjarkurinn og aflið eru stóra málið frekar en bænaskjöl um vegbætur.

Formaður endar á að þakka starfsmönnum og fundarstjórum, og segjast hlakka til vinnunnar með stjórn og starfsfólki.

Að því loknu slítur formaður þingi kl. 13.58

Matthías Lýðsson  
þingforseti

Sigurður Línadal  
þingritari

Magnús Þór Bjarnason  
þingritari



## **Þingskjöl 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti**

### **Þingskjál 1, Dagskrá**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-1-dagskra.pdf>

### **Þingskjál 2, Atkvæðavægi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-2-atkvaedavaegi-2024-2-.pdf>

### **Þingskjál 3, Samþykktir og þingsköp**

<https://www.vestfirdir.is/static/research/files/samthykkir-og-thingsk.-7.okt.23.pdf>

### **Þingskjál 4, Skýrsla stjórnar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-4-raeda-formanns.pdf>

### **Þingskjál 5a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-5a-tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda.pdf>

### **Þingskjál 5b, Árstíllag**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-5b-arsstillag.pdf>

### **Þingskjál 5c, Tillaga fjárhagsáætlun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-5c-tillaga-um-fjarhagsaaetlun-2025.pdf>

### **Þingskjál 5d, Fjárhagsáætlun greinargerð**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/fjarhagsaaetlun-fv-2025-greinargerð-og-vidauki-1.pdf>

### **Þingskjál 6, Tillaga að ályktun jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-6-tillaga-ad-alyktun-um-jofnun-kostnadar-vegna-flokkunar-og-forgunar-urgangs.pdf>

### **Þingskjál 7, Tillaga að ályktun setningu laga um lagareldi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-7-tillaga-ad-alyktun-um-setningu-laga-um-lagareldi.pdf>

### **Þingskjál 8, Tillaga að ályktun um fjármagn til sóknaráætlana**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskj-al-8-tillaga-ad-alyktun-um-fjarmagn-til-soknaraetlana.pdf>

**Þingskjal 9, Tillaga að ályktun um rannsóknir og nýsköpun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-9-tillaga-ad-alyktun-um-rannsoknir-og-nyskopun1.pdf>

**Þingskjal 10, Tillaga að ályktun um rekstur náttúrustofa**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-10-tillaga-ad-alyktun-um-rekstur-natturustofa.pdf>

**Þingskjal 11, Tillaga að ályktun um uppbyggingu Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-11-tillaga-ad-alyktun-um-uppbyggingu-tetra-sambands-samhlida-uppbyggingu-farnetskerfa-a-stofnvegum.pdf>

**Þingskjal 12, Tillaga að ályktun um uppbyggingu farnetskerfa á tengivegum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-12-tillaga-ad-alyktun-um-uppbyggingu-farnetskerfa-a-tengivegum.pdf>

**Þingskjal 13, Tillaga að ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-13-tillaga-ad-alyktun-um-vestrarthjonustu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 14, Tillaga að ályktun um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-14-tillaga-ad-alyktun-um-frestun-utboda-i-vegaframkvaemdum-a-arinu-2024.pdf>

**Þingskjal 15, Tillaga að ályktun um samgönguáætlun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-15-tillaga-ad-alyktun-um-samgonguaetlun1.pdf>

**Þingskjal 16, Tillaga að ályktun um hafnarmál**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-16-tillaga-ad-alyktun-um-hafnarmal.pdf>

**Þingskjal 17, Tillaga að ályktun um gerð viðbragsáætlana vegna ofanflóða**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-17-tillaga-ad-alyktun-um-gerd-vidbragsdsaaetlana-vegna-ofanfloda.pdf>

**Þingskjal 18, Tillaga að ályktun um endurmat snjóflóðahættu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-18-tillaga-ad-alyktun-um-endurmat-snjoflodahaettu1.pdf>

**Þingskjal 19, Tillaga að ályktun um Álftafjarðargöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-19-tillaga-ad-alyktun-um-alftafjardagong.pdf>

**Þingskjal 20, Tillaga að ályktun um Álftafjarðargöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-20-tillaga-ad-alyktun-um-alfnafjarðargong.pdf>

**Þingskjal 21, Tillaga að ályktun um aukið námsmat**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-21-tillaga-ad-alyktun-um-aukid-namsmat.pdf>

**Þingskjal 22, Tillaga að ályktun um aukna kynningu á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-22-tillaga-ad-alyktun-um-aukna-kynningu-a-vestfjordum-fyrir-erlendum-fjarfestum-og-fyrirtaekjum.pdf>

**Þingskjal 23, Tillaga að ályktun um tillögur Strandanefndar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-23-tillaga-ad-alyktun-um-tillogur-strandanefndar.pdf>

**Þingskjal 24, Tillaga að ályktun um heitavatsleit á Gálmaströnd**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-24-tillaga-ad-alyktun-um-heitavatsleit-a-galmastrond.pdf>

**Þingskjal 25, Tillaga að ályktun um Vestfjarðalínu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-25-tillaga-ad-alyktun-um-vestfjardalinu.pdf>

**Þingskjal 26, Tillaga að ályktun um áskorun til að beita sér fyrir aukinnar löggæslu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-26-tillaga-ad-alyktun-um-askorun-a-stjornvold-til-ad-beita-ser-fyrir-aukinnar-loggaeslu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 27, Tillaga að ályktun um jarðgöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-27-tillaga-ad-alyktun-um-jardgong.pdf>

**Þingskjal 28, Tillaga að breytingum samþykktu og þingskapa FV**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-xx-breytingar-a-samthykktum.pdf>

**Þingskjal 29, Breytingatillaga við þingskjal 13, tillaga að ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-29-breytingatillaga-vid-alyktun-um-vetrarthjonustu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 30, Breytingatillaga við þingskjal 14, tillaga að ályktun um frestun útboða í vegaframkvæmdum á árinu 2024**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-30-breytingatillaga-vid-alyktun-um-frestun-utboda-i-vegaframkvæmdum-a-arinu-2024.pdf>

**Þingskjal 31, Ályktun um uppbyggingu Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-31-alyktun-um-uppbyggingu-tetra-sambands-samhlida-uppbyggingu-farnetskerfa-a-stofnvegum.pdf>

**Þingskjal 32, Ályktun um uppbyggingu farnetskerfa á tengivegum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-32-alyktun-um-uppbyggingu-farnetskerfa-a-tengivegum.pdf>

**Þingskjal 33, Ályktun um endurskoðun hættumats ofanflóða**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-33-alyktun-um-endurskodun-haettumats-ofanfloda.pdf>

**Þingskjal 34, Ályktun um aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-34-alyktun-um-aukid-fjarmagn-fyrir-loggaeslu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 35, Ályktun um rekstur náttúrustofa**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-35-alyktun-um-rekstur-natturustofa.pdf>

**Þingskjal 36, Ályktun um aukna kynningu á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-36-alyktun-um-aukna-kynningu-a-vestfjordum-fyrir-erlendum-fjarfestum-og-fyrirtaekjum.pdf>

**Þingskjal 37, Ályktun um fjármagn til sóknaráætlana**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-37-alyktun-um-fjarmagn-til-soknaraatlana.pdf>

**Þingskjal 38, Ályktun um rannsóknir og nýsköpun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-38-alyktun-um-rannsoknir-og-nyskopun.pdf>

**Þingskjal 39, Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-39-alyktun-um-jofnun-kostnadar-vegna-flokkunar-og-forgunar-urgangs.pdf>

**Þingskjal 40, Ályktun um setningu laga um lagareldi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-40-alyktun-um-setningu-laga-um-lagareldi.pdf>

**Þingskjal 41, Ályktun um hafnarmál**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-41-alyktun-um-hafnarmal.pdf>

**Þingskjal 42, Ályktun um tillögur Strandanefndar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-42-alyktun-um-tillogur-strandanefndar.pdf>

**Þingskjal 43, Ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-43-alyktun-um-heitavatnsleit-a-galmastrond.pdf>

**Þingskjal 44, Ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-44-alyktun-um-vetrarthjonustu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 45, Ályktun um frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-45-alyktun-um-frestun-utboda-i-vegaframkvaemdum-a-arinu-2024.pdf>

**Þingskjal 46, Ályktun um Bíldudalsveg 63**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-46-alyktun-um-bildudalsveg-63.pdf>

**Þingskjal 47, Ályktun um samgönguáætlun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-47-alyktun-um-samgonguaetlun.pdf>

**Þingskjal 48, Ályktun um Vestfjarðalínu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-48-alyktun-um-vestfjardalinu.pdf>

**Þingskjal 49a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-49-a-tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda.pdf>

**Þingskjal 49b, Árstíllag 2025**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-49-b-arstillag-2025.pdf>

**Þingskjal 49c, Fjárhagsáætlun FV 2025**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-49-c-fjarhagsaaetlun-fv-2025.pdf>

**Þingskjal 49d, Fjárhagsáætlun FV 2025 greinagerð og viðauki**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-49-d-fjarhagsaaetlun-fv-2025-greinargerð-og-vidauki.pdf>

**Þingskjal 50, Breytingar á samþykktum og þingsköpum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/haust/thingskjal-50-breytingar-a-samthykktum-og-thingskopum.pdf>